



Verkefnaáætlun 2025-2027

Landsáætlun um
uppbyggingu innviða til
verndar náttúru og
menningarsögulegum
minjum

Útgefandi:

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Desember 2025

urn@urn.is

www.urn.is

©2025 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

ISBN 978-9935-566-07-2

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
1.1 Verkefnisstjórn.....	4
1.2 Samþykkt stefnumótun.....	4
1.3 Áætlun um fjármögnun.....	5
2. Tillaga að ráðstöfun.....	6
3. Sérstakt viðbragð við auknu álagi	8
3.1 Staðir til sérstakrar skoðunar.....	8
3.2 Bráðaaðgerðir og nýfriðlýst svæði.....	8
4. Ný verkefnaáætlun 2025-2027	9
4.1 Ferill endurskoðunar.....	9
4.2 Ferill eftir að ný áætlun tekur gildi	9
5. Tillögur að aðgerðum árin 2025-2027	10
5.1 Ferðamannastaðir, -svæði og -leiðir	10

1. Inngangur

Hér er lögð fram verkefnaáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vegna áranna 2025-2027. Þessi þriggja ára verkefnaáætlun leysir af hólmi fyrri áætlun fyrir 2024-2026 sem gefin var út í nóvember 2024.

Hér er einnig gerð grein fyrir því fjármagni sem ráðstafað hefur verið til áætlunarinnar og þeim verkefnum sem stefnt er að á gildistíma hennar.

Með þessari áætlun er haldið áfram að takast á við mikla og uppsafnaða þörf fyrir innviðauppbyggingu á svæðum sem búa við álag af völdum ferðamennsku.

Jafnframt er vaxandi þörf á fjármagni til viðhalds og reksturs þeirra innviða sem byggðir hafa verið.

Vert er að nefna að með þessum tillögum og fjármagni er einungis hægt að mæta hluta þeirra verkefnatillagna á stöðum, leiðum og svæðum sem verkefnisstjórn fjallaði um og talin var þörf á að byggja upp, lagfæra eða verja fyrir ágangi.

Verkefni áætlunarinnar lúta sum hver að lokafrágangi innviða. Þau munu þó ekki ljúka uppbyggingu staða eða leiða, heldur ná einungis til frágangs afmarkaðra innviða innan þeirra.

1.1 Verkefnisstjórn

Í lögum nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er kveðið á um að skipuð sé verkefnisstjórn til þriggja ára í senn. Verkefnisstjórn hefur skv. 5 gr. laganna umsjón með gerð tillögu að þriggja ára verkefnaáætlun og tólf ára stefnumarkandi landsáætlunar og er hlutverk hennar að annast upplýsingaöflun, forgangsöðun og gerð tillagna til ráðherra vegna þeirra.

Ráðherra umhverfismála skipar verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar að fengnum tilnefningum.

Verkefnisstjórn er skipuð eftirfarandi aðilum:

Dagný Arnarsdóttir, formaður, skipuð af ráðherra umhverfismála og menningarminja án tilnefningar.

Jón Bjarnason, skipaður af ráðherra umhverfismála og menningarminja án tilnefningar.

María Reynisdóttir, tilnefnd af ráðherra ferðamála.

Regína Sigurðardóttir, tilnefnd af forsætisráðherra.

Nanný Arna Guðmundsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Dagný Arnarsdóttir uppfærði skýrslu verkefnaáætlunar fyrir 2025-2027.

1.2 Samþykkt stefnumótun

Þessi verkefnaáætlun styður við stefnu stjórnvalda á sviði uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum í náttúru landsins, en hinn 11. júní 2018 samþykkti Alþingi þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029 á grundvelli laga nr. 20/2016. Þar ályktaði Alþingi að á árunum 2018-2029 yrði unnið að uppbyggingu innviða í samræmi við áætlunina og markmið hennar.

1.3 Áætlun um fjármögnun

Í fjárlögum 2025 og 2026 og fjármálaáætlun vegna 2027 er áætlað fjármagn til landsáætlunar ríflega 2.656 m.kr. (Tafla 1).

Í verkefnaáætlun landsáætlunar fyrir 2026 og 2027 er lagt upp með að sömu heildarfjárhæð verði ráðstafað til verkefna í samræmi við ákvæði laga nr. 20/2016 og fyrirbyggjandi stefnumótun, en hluta fjárheimildar árið 2025 var markaður annar farvegur innan málefnasviða ráðuneytisins.

Hefðbundinn fyrirvari er settur um áætlaðar fjárheimildir 2027.

Einnig settur sá fyrirvari við að við endanlega skiptingu heildarfjárhæðarinnar kunni hluti hennar að verða markaður annar farvegur innan málefnasviða ráðuneytisins.

Tafla 1: Fjárheimild landsáætlunar 2025-2027 samkvæmt fjárlögum og áætluðum fjárheimildum

	2025	2026	2027	Samtals
Fjárheimild landsáætlunar 2025-2027	899.200.000	899.100.000	858.300.000	2.656.600.000

Í fjárlögum 2026 er kemur fram að gert sé ráð fyrir lækkun fjárheimilda landsáætlunar árið 2027, úr 891 m.kr. sbr. gildandi fjármálaáætlun 2026-2030 niður í 858,3 m.kr., eða um 33 m.kr. lækkun.

2. Tillaga að ráðstöfun

Eins og fram kom í kafla 1.3. hér að framan var hluta fjárheimildar árið 2025 var markaður annar farvegur innan málefnasviða ráðuneytisins.

Langstærsti hluti fjármagns landsáætlunar um innviði til næstu þriggja ára fer til uppbyggingar innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannstöðum, þ.e. staðbundinna verkefna sem geta falist í undirbúningi, framkvæmd eða viðhaldi. Er gert ráð fyrir rúmlega 769 m.kr. til slíkra verkefna. Inni í þessum tölum er framlag er á árunum 2026-2027 til staða þar sem umfangsmikil uppbygging stendur fyrir dyrum en fyrirkomulag innviðaupbyggingar ekki fyllilega útfært á þessu stigi máls. Má þar nefna staði eins og Geysi, Jökulsárlón, Landmannalaugar, Djúpalónssand, Skaftafell, Stöng/Gjánni og Þingvelli. Í slíkum tilvikum hefur verkefnisstjórn hingað til farið yfir ítarlegri tillögur á seinni stigum. Gert er þó alltaf ráð fyrir því að þörf sé á fjármagni til uppbyggingar fjölsótttra staða á grunni staðbundinna áætlana og frumathugana. Tölur liggja fyrir vegna næstu áfanga Geysis-verkefnisins, sjá töflu 1. Nánar er gerð grein fyrir ráðstöfun fjármuna til staðbundinna innviða aftast í þessari greinargerð og er þar átt við þau verkefni sem þegar eru nákvæmlega skilgreind af umsjónaraðila viðkomandi staða og samþykkt.

Landsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir óstaðbundnum verkefnum sem gagnast öllum stöðum. Stefnumarkandi landsáætlun tilgreinir fjölmörg áhersluatriði sem bíða innleiðingar, og hefur slík innleiðing gjarnan farið fram á vettvangi vinnuhópa. Síðustu árin hefur megin áherslan verið á þróun, rekstur og viðhald Vegrúnar, sem og önnur verkefni sem hýst eru á vefnum Góðar leiðir. Vegrún er hágæða merkingakerfi fyrir áfangastaði í náttúru landsins, og hefur Vegrún unnið og verið tilnefnd til verðlauna. Tekin hefur verið ákvörðun um að umsjónarleg ábyrgð Vegrúnar færist yfir til nýrrar Náttúruverndarstofnunar frá og með 2026. Gert er ráð fyrir 7 m.kr. til slíkra verkefna á tímabilinu 2025-2027, þar af 2 m.kr. árið 2025.

Einnig gerir áætlunin ráð fyrir óstaðbundnum verkefni sem snúa að bættum gæðum eða aukinni eftirfylgd með uppbyggingarverkefnum með það að markmiði að ná fram aukinni hagkvæmni, skoða heildarlausnir þegar við á og bæta upplýsingar sem ákvarðanataka og forgangsroðun nýrra verkefna grundvallast á. Er það í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga nr. 20/2016 um landsáætlun. Óstaðbundin verkefni nema 1,4 m.kr. á tímabili áætlunarinnar og felast þau einkum í rekstri og viðhaldi verkefnisstjórnunarkerfis á tímabilinu.

Fyrir hvert ár er jafnframt gert ráð fyrir fjármagni til að takast á við ófyrirséð verkefni innan sama árs, einkum bráðaðgerðir, verkefni á nýfriðlýstum svæðum ef við á og umbætur á aðstöðu, sjá nánari sundurliðun í kafla 3.2. Vorið 2025 var 17,5 m.kr. veitt til að lagfæra skemmdir eða undirbúa viðkvæm svæði fyrir gestakomur og aukið álag sumarsins. Einnig hélt áfram undirbúningur vegna almyrkva á sólu 2026 á friðlýstum svæðum á vestustu oddum landsins. Dæmi um þetta er leiga á færanlegri salernisaðstöðu eða öryggisráðstafanir. Gert er ráð fyrir að bráðaaðgerðir nemi 37,5 m.kr. á tímabili áætlunarinnar en rauntölur geta orðið hærri eða lægri.

Tafla 2 Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2025-2027.

Verkefni 2025-2027	Fjármunir 2025	Fjármunir 2026-2027
Staðir á landsáætlun - Efnislegir innviðir/staðbundin verkefni.	0	425.356.785
Geysir í Haukadal, áfangi II – uppbygging á fjölsóttum svæðum	0	196.280.000
Geysir í Haukadal, áfangi III – uppbygging á fjölsóttum svæðum	0	147.500.000 ¹
Innleiðing stefnumarkandi landsáætlunar - Vegrún og Góðar leiðir	2.000.000	5.000.000
Betri grunnur ákvarðanatöku, aukin eftirfylgd - Rekstur og viðhald verkefnakerfis LUI	1.000.000	463.215
Bráðaaðgerðir, ný friðlýst svæði, o.fl.	17.474.482	20.000.000
Landvarsla á Reykjanesskaga við gosstöðvar og í nágrenni þeirra	36.400.000	0
Sérstakar viðbótarráðstafanir á og við friðlýst svæði á vestustu oddum landsins árið 2026 vegna aukins gestafjölda í tengslum við almyrkva á sólu 12. ágúst.	0 ²	25.000.000
Samtals	56.874.482	799.600.000

¹ Áætluð fjárhæð vegna áfangans. Endanleg tillaga bíður afgreiðslu verkefnisstjórnar og er því ekki að finna í verkefnalista aftast í greinargerðinni.

² Aðgerðir tengdar undirbúningi fyrir sólmyrkva voru hluti bráðaaðgerða árin 2024 og 2025.

3. Sérstakt viðbragð við auknu álagi

3.1 Staðir til sérstakrar skoðunar

Gera þarf ráð fyrir viðbót nýrra svæða eða verkefna við áætlunina innan gildistíma hennar, en oft getur þurft að bregðast hratt við nýjum aðstæðum og auknu álagi á viðkomandi stað, og/eða falla frá áformum um framkvæmdir. Dæmi um þetta eru yfirstandandi jarðhræringar og gosvirkni á Reykjanesi.

Við endurskoðun verkefnaáætlunar er ávallt litið til niðurstaðna ástandsmats áfangastaða varðandi svæði í hættu á að tapa verndargildi sínu. Einnig er litið til staða sem ekki njóta friðlýsingar eða annarrar umsjónar, en geta verið sérstaklega viðkvæmir fyrir auknu og óviðbúnu álagi. Fylgjast þarf með ástandi og þróun þeirra.

3.2 Bráðaaðgerðir og nýfriðlýst svæði

Á árunum 2018-2021 stóð yfir átak í friðlýsingum og hafa nokkur svæði, sem búa við álag af völdum ferðamennsku, hlotið friðlýsingu. Slíkt kallar á að hægt sé að fylgja friðlýsingunni úr hlaði með verndaraðgerðum og viðeigandi uppbyggingu.

Upp geta komið ófyrirséð verkefni sem geta tengst aðstæðum í náttúru. Nefna má aurbleytu sem leitt getur til lokana svæða eða bráðaaðgerða í tengslum við þær. Einnig geta ófyrirséð verkefni lotið að viðgerð innviða ef ófremdarástand blasir við, s.s. vegna bilaðra fráveitna eða laskaðra göngubrúa. Þörf á fjármagni til bráðaaðgerða getur verið mjög mismunandi milli ára og tengist gjarnan tíðarfari. Borið hefur á aukningu á tjóni á innviðum frá árinu 2023, m.a. vegna snjóáálags og rigninga. Í verkefnaáætlun 2025-2027 er, eins og áður, gert ráð fyrir sérstöku fjármagni vegna bráðaaðgerða og nýrra friðlýstra svæða, svo hægt sé að bregðast fljótt við með aðgerðum ef þörf er á, sjá töflu 2 á fyrri blaðsíðu. Á fyrri hluta árs 2025, fyrir sumarbyrjun, var úthlutað til sjö nýrra verkefna sem töldust til bráðaaðgerða á grunni tillögu verkefnisstjórnar, og var þá lögð áhersla á að undirbúa innviði á fjölsóttum friðlýstum svæðum fyrir komu ferðafólks um sumarið en einnig að huga í tæka tíð að undirbúningi vegna almyrkva á sólu 12. ágúst 2026. Úthlutunin tilheyrir verkefnaáætlun 2025-2027 en gert var grein fyrir úthlutun haustsins 2024 vegna bráðaaðgerða í síðustu verkefnaáætlun sem út kom í lok árs 2024.

Tafla 3: Bráðaaðgerðir á friðlýstum svæðum í umsjón Náttúruverndarstofnunar – úthlutun vorið 2025

Staður	Verkefni (bráðaaðgerð)	Fjárhæð
Dynjandi	Dynjandi bráðaaðgerð, lagfæring á göngustígum.	3.330.000
Eldborg í Hnappadal	Eldborg Hnappadal, bráðaaðgerð. Lagfæring á gönguleið.	1.560.000
Hraunfossar, Barnafoss	Hraunfossar, bráðaaðgerð. Lagfæring á göngustígum.	2.390.000
Dyrfjöll og Stórurð	Stórurð, bráðaaðgerð. Lagfæring á gönguleiðum.	2.000.000
Djúpalónssandur	Djúpalónssandur, lagfæring eftir grjóthrun.	4.086.482
Djúpalónssandur	Djúpalónssandur, berggreining og öryggisúttekt v. grjóthruns	1.352.000
Snæfellsjökulspjóðgarður	Snæfellsjökulspjóðgarður (sólmyrkvi 2026), leiga á kömrum.	2.760.000
Samtals		17.474.482

4. Ný verkefnaáætlun 2025-2027

Um er að ræða áttundu verkefnaáætlun landsáætlunar og hefur hún því verið endurskoðuð sjö sinnum.

4.1 Ferill endurskoðunar

Endurskoðun verkefnaáætlunar var með óhefðbundnu sniði veturinn 2024-2025. Meginástæða þess var sameining stofnana eða hluta þeirra á sviði náttúruverndar, en frumvarp þess efnis varð að lögum vorið 2024 og tók ný Náttúruverndarstofnun til starfa þann 1. janúar 2025. Forverar hennar, Vatnajökulsþjóðgarður og náttúruverndarsvið Umhverfisstofnunar voru langstærstu aðilar að áætluninni, sé litið til hlutfalls þess fjármagns sem deilt hefur verið út frá árinu 2018 (80% fjármagns).

Ekki var um hefðbundna öflun nýrra tillagna frá umsjónaraðilum haustið 2024 en áhersla var þess í stað lögð á þau verkefni sem þegar höfðu verið sett á áætlunina fyrri ár og framhaldsáfangar þeirra, auk nýrra verkefna sem ekki gátu beðið að mati umsjónaraðila. Dæmi um það síðastnefnda voru verkefni sem tengdust undirbúningi staða á vestustu oddum landsins vegna stóraukins gestafjölda í tengslum við almyrkva á sólu þann 12. ágúst 2026.

Yfirferð gagna vegna bráðaaðgerða stóð yfir af hálfu verkefnisstjórnar fyrir sumarið 2025. Tillögur um nýu bráðaaðgerðir bárust í þeirri yfirferð. Þeim var safnað á skipulegan hátt, um gátt landsáætlunar, og fólu þær í sér ítarlegar verkefnislýsingar, magntölur, verk- og kostnaðaráætlanir og önnur viðeigandi gögnum. Gögnin mynduðu undirlag fyrir vinnu verkefnisstjórnar við forgangsöröðun tillagna.

Lögð er áhersla á staði og verkefni í umsjón sveitarfélaga sem þegar eru á áætluninni.

4.2 Ferill eftir að ný áætlun tekur gildi

Ef þörf krefur verður unnið að nánari útfærslu verkefna og verkáætlana í samvinnu við viðkomandi umsjónaraðila.

Áætlunin er endurskoðuð í takt við þætti eins og þróun álags og ástands á stöðum og framgang verkefna.

Hefðbundnir fyrirvarar eru settir um breyttar forsendur á innleiðingartíma áætlunarinnar hvað varðar staði, verkefni, fjármögnun og aðra þætti sem lúta að breytingu á umsjón og eignarhaldi. Einnig um breytta skipan stofnana sem aðild eiga að áætluninni.

Öll verkefni á landsáætlun eru sett fram með fyrirvara um að umsjónaraðilar veiti allar umbeðnar upplýsingar sem varða gerð og eftirfylgd tilmælabréfa til stofnana eða samninga um framkvæmd einstakra verkefna, en vanhöld á því geta leitt til frestunar eða niðurfellingar.

5. Tillögur að aðgerðum árin 2025-2027

Aftast í þessari greinargerð er nánara yfirlit yfir þá ferðamannastaði sem aðild eiga að landsáætlun og stutt lýsing á þeim aðgerðum sem ráðast á í á tímabili þessarar verkefnaáætlunar (2025-2027).

Áætlunin er unnin á grunni forgangsörðunar og í samræmi við fjármögnun áætlunarinnar. Fjármögnun þeirra verkefna sem hefjast eiga árið 2025 grundvallast á fjárlögum ársins 2025. Fjármögnun þeirra verkefna sem hefjast eiga árin 2026 og 2027 samkvæmt áætluninni grundvallast á gildandi fjármálaáætlun.

5.1 Ferðamannastaðir, -svæði og -leiðir

Í heildina hefur landsáætlun fjármagnað, eða áætlað að fjármagna, yfir 644 innviðaverkefni víðs vegar um landið. Af því leiðir að víða er aðgerðum ýmist lokið í bili eða er að ljúka. Viðkomandi staðir eru samt áfram viðföng landsáætlunar að svo stöddu og ekki er litið svo á að þeir séu farnir af landsáætlun þó svo að engin verkefni séu á áætlun 2025-2027 eða lokaáfangar verkefna þegar fjármagnaðir. Forgangsörðun staða og verkefna hefur verið unnin á grunni stefnumarkandi landsáætlunar sem samþykkt var af Alþingi í júní 2018.

Aðild að landsáætlun miðar við staði, svæði eða leiðir.

Í þessari áætlun eru nokkur verkefni sem lúta að ferðamannasvæðum en ekki einstaka stöðum. Um getur verið að ræða verkefni um bættar merkingar innan tiltekins stjórnunarsvæðis, endurbætur og tengingar náttúrustíga innan svæðis, styrking umgjörðar um minjaheildir undir álagi af völdum ferðamennsku, o.fl. Áfram verður unnið með svæðanálgun fyrir tiltekna samræmdar aðgerðir á stórum svæðum þegar við á.

Sérstöku tilraunaverkefni um Laugavegin lauk veturinn 2023-2024 og má lesa niðurstöður þess í [skýrslu vinnuhóps um gönguleiðir](#). Ferðamannaleiðir eru þó áfram mikilvægt viðfangsefni landsáætlunar.

Uppbygging á stöðum á landsáætlun er afar misjöfn að umfangi. Af því leiðir að eðlismunur getur verið á tillögu- og áætlanagerð eftir umfangi. Fjölsóttir ferðamannastaðir eru flestir á Suðurlandi, bæði á hálendi og láglendi, og kallar umfangsmikil uppbygging staða af þeirri stærðargráðu á sérstaka nálgun, s.s. staðbundna verkefnaáætlun. Gera þarf ráð fyrir rými til að þróa slíkar áætlanir út frá niðurstöðum frumathugana þar sem valkostir eru greindir og metnir.

Tafla 4: Vesturland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2025-2027

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2025	2026-2027
Djúpalónssandur	Náttúruverndarstofnun	Bráðabirgðasalerni í tvö ár – til undirbúnings sólmyrkva 2026. ³	4.500.000	
Eldborg í Hnappadal	Náttúruverndarstofnun	Aðkomuskilti.		1.926.800
Malarrið	Náttúruverndarstofnun	Viðburða- og áningarpallur við gestastofu		6.507.500
Saxhóll	Náttúruverndarstofnun	Malbikun bílastæðis		17.108.000
Skarðsvík	Náttúruverndarstofnun	Fræðsluskilti með þema: „Sandur er gulli betri“		1.688.000
Snæfellsjökuls-þjóðgarður	Náttúruverndarstofnun	Frumgreining á uppbyggðum hjóla- og göngustíg í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli		2.005.000

Tafla 5: Vestfirðir – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2025-2027

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2026-2027
Friðlandið Hornstrandir	Náttúruverndarstofnun	Lagfæring á bröttum gönguleiðum þ.m.t. kafla við Hafnarskarð.	14.196.000
Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp	Minjastofnun Íslands	Fullnaðarhönnun innviða	6.362.610
Vatnsfjörður	Náttúruverndarstofnun	Merkingar	7.384.000

Tafla 6: Norðvesturland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2025-2027

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2026-2027
Hveravellir	Náttúruverndarstofnun	Áframhaldandi uppbygging göngupalla	30.420.000

³ Af fjárheimildum 2024 – sérstakt viðbragð.

Tafla 7: Norðausturland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2025-2027

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2026-2027
Dimmuborgir	Náttúruverndarstofnun	Merkingar	5.200.000
Hljóðaklettur/Rauðhólar	Náttúruverndarstofnun	Þurrsalerni við Hljóðakletta ásamt áningaraðstöðu	50.000.000
Vatnajökulsþjóðgarður - norðursvæði	Náttúruverndarstofnun	Skilti og upplýsingagjöf Norðurhálandi [Austurafrétt Bárðdæla, þ.e. Krossárgil, Sandmúli og Réttartorfa.]	5.000.000

Tafla 8: Austurland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2025-2027

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2026-2027
Galtastaðir fram	Þjóðminjasafn Íslands	Lokaáfangi móttökuhúss á Galtastöðum fram	20.904.875
Teigarhorn	Þjóðminjasafn Íslands	Aðstaða fyrir ferðamenn að Teigarhorni við Berufjörð, 4. áfangi.	27.500.000

Tafla 9: Suðurland – verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða 2025-2027

Staður	Umsjónaraðili	Aðgerðir	2026-2027
Geysir í Haukadal	Náttúruverndarstofnun	Uppbygging innan girðingar, framhald af fyrri áföngum	196.280.000
Sandfell í Öræfum	Náttúruverndarstofnun	Þurrsalerni við Sandfell (uppgöngustað að Hvannadalshnjúk), hönnun	6.500.000
Skógafoss / láglendi	Náttúruverndarstofnun	Aðkomu- og upplýsingaskilti	2.496.000
Skógafoss / láglendi	Náttúruverndarstofnun	Nýjar tröppur, framkvæmd.	61.500.000
Skógaheiði	Náttúruverndarstofnun	Frágangur á stíg	6.510.000
Stöng	Náttúruverndarstofnun	Ný salerni	54.548.000
Þinghelgi	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Gerð gönguleiðar Langistígur - afgjá – Furulundur, skv. dsk. og á grunni frumathugunar	75.000.000
Þórsmörk / Goðaland	Land og skógur	Uppbygging og viðhald gönguleiða á Þórsmörkursvæðinu 2026-2027	22.600.000

